



# Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna Stöðuskýrsla til ráðherra á þriðja ári innleiðingar

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið



**Útgefandi:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna: Stöðuskýrsla til ráðherra á þriðja ári innleiðingar

Maí 2024

mrn@mrn.is

www.mrn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2024 Mennta- og barnamálaráðuneytið

# Efnisyfirlit

Útdráttur.....	6
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>7</b>
<b>2. Vinna við innleiðingu farsældarlaga á vegum stjórnvalda.....</b>	<b>9</b>
2.1 Farsældarþing.....	9
2.2 Farsældarvefur og mælaborð um farsæld barna.....	15
<b>3. Barna- og fjölskyldustofa.....</b>	<b>16</b>
3.1 Skráningar tengiliða og málstjóra .....	16
3.2 Farsældarrútan.....	18
3.3 Farsældarskóli .....	20
3.4 Kynningarmyndband .....	21
<b>4. Farsæl frumkvöðlasveitarfélög .....</b>	<b>22</b>
4.1 Akraneskaupstaður .....	22
4.2 Vestmannaeyjabær .....	22
4.3 Akureyrarbær.....	23
4.4 Sveitarfélagið Árborg.....	23
<b>5. Farsælir grunnskólar .....</b>	<b>24</b>
<b>6. Farsælir framhaldsskólar .....</b>	<b>25</b>
<b>7. Farsæl heilbrigðisþjónusta .....</b>	<b>30</b>
<b>8. Farsæl löggæsla.....</b>	<b>32</b>
<b>9. Farsælt íþróttá- og tómstundastarf .....</b>	<b>33</b>
<b>10. Farsæld í Háskóla Íslands .....</b>	<b>35</b>
10.1 Lektorsstöður .....	35
10.2 Farsældarnet (ICEWEL).....	35
10.3 Diplómanám í farsæld barna .....	35

10.4 Grunnrannsókn á innleiðingu farsældar.....	37
<b>11. Skipting fjármagns.....</b>	<b>39</b>
11.1 Upplýsingaöflun frá sveitarfélögum.....	40
11.2 Nýting fjármagns.....	42
<b>12. Næstu skref.....</b>	<b>46</b>

## Myndaskrá

Mynd 1: Skráðir þátttakendur á farsældarþingi eftir starfsvettvangi.....	10
Mynd 2: Niðurstöður borðavinnu á farsældarþingi - Markmið og aðgerðir.....	11
Mynd 3: Skráningar tengiliða eftir starfsvettvangi.....	17
Mynd 4: Skráningar málstjóra eftir þjónustustigum.....	17
Mynd 5: Staða innleiðingar farsældar í sveitarfélögum 2023.....	19
Mynd 6: Staða innleiðingar farsældar í sveitarfélögum 2022.....	19
Mynd 7: Fjöldi samþættra mála í lok 2023 eftir þjónustustigum.....	23
Mynd 8: Staða farsældar í framhaldsskólum - Fjöldi mála í lok árs 2023.....	26
Mynd 9: Upplýsingar um framlag til framhaldsskóla og uppgefinn kostnað þeirra á árinu 2023.....	27
Mynd 10: Upplýsingar á vefsíðum framhaldsskóla um farsæld.....	28
Mynd 11: Nýting gátlista farsældar hjá framhaldsskólum í lok árs 2023.....	29
Mynd 12: Starfsvettvangur nemenda skólaárið 2023/2024 eftir kerfum.....	36
Mynd 13: Starfsvettvangur nemenda skólaárið 2023/2024 eftir þjónustustigi.....	36
Mynd 14: Fjöldi samþættra mála í lok árs 2023 á landsvísu eftir þjónustustigum.....	40
Mynd 15: Fjöldi samþættra mála í lok árs 2023 eftir landshlutum.....	41
Mynd 16: Samþætting eftir landshlutum í lok árs 2023 - Mál per 10.000 íbúa.....	41
Mynd 17: Hvenær opnaði sveitarfélagið formlega fyrir beiðni um samþættingu?.....	42
Mynd 18: Kostnaður árána 2022 og 2023 brotinn niður eftir flokkum.....	43
Mynd 19: Framlög til sveitarfélaga og sundurgreindur kostnaður þeirra árið 2023.....	44
Mynd 20: Kostnaður sveitarfélaga á árunum 2022 og 2023 samanborið við framlag ársins 2023.....	45

# Töfluskrá

Tafla 1: Menntun – Tækifæri og áskoranir.....	11
Tafla 2: Lífsgæði og félagsleg staða - Tækifæri og áskoranir.....	12
Tafla 3: Heilsa og vellíðan - Tækifæri og áskoranir.....	13
Tafla 4: Öryggi og vernd - Tækifæri og áskoranir.....	13
Tafla 5: Þátttaka og félagsleg tengsl - Tækifæri og áskoranir.....	14

# Útdráttur

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, eða farsældarlögin eins og þau eru gjarnan kölluð, voru samþykkt á Alþingi þann 11. júní 2021 og tóku gildi 1. janúar 2022. Frá því að lögin voru samþykkt hefur markvisst verið unnið að innleiðingu þeirra á vegum ríkis og sveitarfélaga um allt land. Eitt helsta nýmæli farsældarlaganna er að marka samstarfi mismunandi þjónustukerfa skýran farveg í lögum.

Frá gildistöku laganna hefur mennta- og barnamálaráðuneytið, í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu, tekið þátt í fjölda viðburða bæði á Íslandi og erlendis vegna innleiðingar þeirra. Í september 2023 var stigið stórt skref í innleiðingu farsældarlaganna, en þá var farsældarþing haldið í fyrsta skipti og skráðu rúmlega 1.200 manns sig til þátttöku á þinginu sem haldið var í Hörpu. Farsældarþingið varði allan daginn og tóku u.þ.b. 40 börn virkan þátt á þinginu. Á farsældarþinginu var vefsíðan [Farsaldbarna.is](https://farsaldbarna.is), eða farsældarvefurinn, jafnframt opnuð almenningi þar sem hægt er að tengjast mælaborði um farsæld barna.


Á síðastliðnu ári hefur markviss samvinna stjórnvalda um innleiðingu farsældarlaganna í heilbrigðisþjónustu farið fram, m.a. með öflugum samstarfi ráðuneytisins, Barna- og fjölskyldustofu og heilbrigðisráðuneytisins. Í lok árs 2023 var haldinn vinnudagur tengiliða farsældar í heilsugæslu og þegar skýrsla þessi er skrifuð hafa allar heilsugæslustöðvar landsins tilnefnt tengilið farsældar. Þá hefur jafnframt verið ráðinn verkefnastjóri hjá Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu til að stýra áframhaldandi vinnu við innleiðingu farsældarlaganna í heilbrigðisþjónustu.

Farsældarrúta Barna- og fjölskyldustofu fundaði með öllum 64 sveitarfélögum landsins árið 2023 og hafa öll sveitarfélögin ýmist hafið samþættingu mála, innleiðingu farsældar eða tekið fyrstu skrefin við að innleiða farsældina. Þá hafa öll sveitarfélög á landinu jafnframt tilnefnt tengiliði og málstjóra farsældar. Um talsvert framfaraskref er að ræða, en árið 2022 höfðu 12 sveitarfélög enga vinnu hafið við innleiðingu farsældar. Barna- og fjölskyldustofa hefur gefið út fjölbreytt fræðsluefni og stofnað svokallaðan Farsældarskóla á vefsvæði stofnunarinnar með námskeiðum fyrir tengiliði og málstjóra. Í upphafi árs 2024 hóf Barna- og fjölskyldustofa jafnframt að kalla eftir mánaðarlegum skráningum mála frá tengiliðum og málstjórum farsældar.

# 1. Inngangur

Síðastliðin ár hefur farið fram umfangsmikil vinna við endurskoðun á félagslegri umgjörð barna og fjölskyldna þeirra með áherslu á snemmtækan stuðning, samþætta þjónustu og þverfaglegt samstarf stofnana ríkis og sveitarfélaga. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, eða farsældarlögin eins og þau eru gjarnan kölluð, eru grundvöllur yfirstandandi endurskoðunar á þjónustu við börn og aðstandendur þeirra. Þeim er ætlað að ná til allrar þjónustu sem er veitt í þágu barna á vegum ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila, s.s. innan heilbrigðiskerfisins, á vettvangi skóla- og frístundastarfs sem og lögreglu, þegar það á við.

Með lögnum eru lagðar skyldur á þjónustuveitendur að bregðast við með tilteknum hætti ef vísbendingar koma upp um að þörfum barns sé ekki mætt. Viðbrögðin eru samræmd og miða að því að leiðbeina fjölskyldum og beina þeim inn í stuðningskerfið, sem lögin fela í sér, börnum til farsældar í lífi og starfi. Til þess að lögin virki sem skyldi er nauðsynlegt að draga þá aðila sem veita barni farsældarþjónustu að borðinu og koma á virku og lausnamiðuðu samtali og samstarfi milli hinna ýmsu þjónustukerfa. Innleiðing farsældarlaganna byggir að miklu leyti á sama grundvelli, þ.e. að koma á og viðhalda samtali og samstarfi milli þjónustukerfa.



Í samræmi við nefndarálit meirihluta velferðarnefndar Alþingis hefur innleiðingartímabil laganna verið áætlað þrjú til fimm ár frá gildistöku þeirra. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í farsældarlögnum ber mennta- og barnamálaráðherra ábyrgð á því að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að undirbúa gildistöku laganna og styðja við innleiðingu þeirra. Í því felst m.a. að stýra aðgerðum við innleiðingu í samstarfi við ráðherra skv. 1. mgr. 3. gr. laganna og sveitarfélög.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að úrræði fyrir börn og barnafjölskyldur verði endurskipulögð í samræmi við samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Unnið er að fjölda verkefna sem tengjast þessari endurskipulagningu innan mennta- og barnamálaráðuneytisins. Áberandi er sú endurskipulagning sem unnið er að innan menntakerfisins, enda felst farsæld barna í menntun þeirra. Nýtt frumvarp um inngildandi menntun var kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda í lok febrúar 2024, en um er að ræða ný heildarlög um skólaþjónustu. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að skólaþjónusta verði samþætt annarri þjónustu sem veitt er í þágu farsældar barna óháð búsetu. Frumvarpið fellur vel að farsældarlögunum en meginsteifið er sem áður að veita snemmtækan stuðning án hindrana þar sem þörf er á og koma þannig í veg fyrir stærri vanda síðar meir og frekari þjónustubörf.

Liður í uppbyggingu heildstæðrar skólaþjónustu er stofnun faglegrar þekkingarmiðstöðvar á landsvísu sem m.a. styður við innleiðingu farsældarþjónustu í skólastarfi og skólaþjónustu. Þann 1. apríl 2024 tók ný stofnun, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, til starfa og samhliða var Menntamálastofnun lögð niður. Meðal verkefna nýrrar stofnunar er að styðja við innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna. Þá hefur stofnunin jafnframt samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu og Ráðgjafar- og greiningarstöð um verkefni sem varða þjónustu í þágu farsældar barna.

Skýrsla þessi lýsir stöðu innleiðingar farsældar í maí 2024 á þriðja ári innleiðingar og fjallar um þær fjölbreyttu aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar frá því að innleiðing farsældar hófst í kjölfar gildistöku laganna þann 1. janúar 2022.



## 2. Vinna við innleiðingu farsældarlaga á vegum stjórnvalda

Verkefnastjórn félagsmálaráðuneytis um innleiðingu farsældarlaganna hóf störf í umboði fyrrum félags- og barnamálaráðherra í kjölfar samþykktar laganna á Alþingi. Eftir endurskipulagningu ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands árið 2022, sbr. þingsályktun nr. 6/152, breyttist verkefnastjórn í nýtt farsældarteymi mennta- og barnamálaráðuneytis og tók nokkrum breytingum.


Frá ágúst 2022 hefur farsældarteymi mennta- og barnamálaráðuneytis ásamt Barna- og fjölskyldustofu haft umsjón með og samhæft innleiðingu farsældarlaganna. Mikilvægur þáttur í því samstarfi hafa verið vikulegir fundir kjarnateymis farsældar með forstjóra og framkvæmdastjóra farsældarsviðs hjá Barna- og fjölskyldustofu. Að mati hlutaðeigandi aðila hefur þétt og öflugt samstarf ráðuneytisins og Barna- og fjölskyldustofu gegnt lykilhlutverki við innleiðingu laganna. Með þessu móti hefur verið náð að tryggja samhljóm í skilaboðum og upplýsingum frá ráðuneytinu og Barna- og fjölskyldustofu til utanaðkomandi aðila sem hafa aðkomu að innleiðingu laganna. Þá hefur innleiðingunni jafnframt verið fylgt eftir á vettvangi starfshóps um innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, stýrihóps Stjórnarráðsins í málefnum barna og þingmannanefndar um málefni barna.

### 2.1 Farsældarþing

Farsældarlögin kveða á um að ráðherra skuli boða til farsældarþings, sem er umræðuvettvangur fagfólks, notenda og stjórnvalda þar sem unnið er að samþættingu farsældarþjónustu, nýsköpun og úrbótum í málum sem varða farsæld barna. Þingið skal vera opið öllum en sérstaklega skal tryggja þátttöku barna. Samkvæmt lögnum skulu umræður og helstu niðurstöður farsældarþingsins skráðar og ber ráðherra ábyrgð á framkvæmd þingsins og eftirfylgni með

niðurstöðum þess.


Þann 4. september 2023 var farsældarþing haldið í fyrsta skipti og fór það fram í Silfurbergi og Norðurljósum í Hörpu auk þess sem því var streymt á vefsíðu Stjórnarráðsins.



Þingið hófst kl. 09:00 með opunarávarpi ráðherra og lauk kl. 16:00. Fyrir hádegi voru flutt framsöguerindi og niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og grunnrannsóknar farsældar kynntar. Eftir hádegið fóru fram umræður og hópavinna, annars vegar í Hörpu og hins vegar á Teams. Ákveðið var að stefnumótunarvinna þingsins myndi byggja á fimm grunnstoðum farsældar:

1. Menntun
2. Heilsa og vellíðan
3. Lífsgæði og félagsleg staða
4. Þátttaka og félagsleg tengsl
5. Öryggi og vernd


Rúmlega 1.200 þátttakendur skráðu sig á farsældarþingið og var dreifing þátttakenda góð líkt og neðangreind mynd ber með sér.



### Mynd 1: Skráðir þátttakendur á farsældarþingi eftir starfsvettvangi

Rúmlega helmingur skráðra þátttakenda tók þátt í umræðum og hópavinnu eftir hádegi og bárust svör frá 62 hópum.

Hver hópur tilgreindi 1-2 markmið undir hverri grunnstoð farsældar auk aðgerða til að ná þeim markmiðum og ábyrgðaraðila fyrir hverri aðgerð. Í kjölfarið fór fram umræða á hverju borði um helstu áskoranir og tækifæri við innleiðingu laganna. Alls bárust 604 markmið og 1.347 aðgerðir sem skiptust niður á grunnstoðir farsældar með neðangreindum hætti.



Mynd 2: Niðurstöður borðavinnu á farsældarþingi - Markmið og aðgerðir

Helstu niðurstöður þingsins voru flokkaðar eftir grunnstoðum farsældar.

### Menntun

- Kallað var eftir nútímavæðingu náms, eflingar menntunar kennara og íslenskunáms. Auk þess var kallað eftir því að fjölga menntuðum leikskólakennurum og leikskólarýmum með það að markmiði að efla færni barna á jöfnum grundvelli.
- Kallað var eftir úrbótum sem snúa að geðrækt, fræðslu og auknum áhrifum barna með það að markmiði að bæta líðan barna innan veggja skólans og að raddir barna eru virtar og hafi áhrif.
- Kallað var eftir því að fjármagn verði aukið til framhaldsskólanna og sveigjanleiki náms aukinn. Auk þess var kallað eftir betra samtali milli kerfa og fagaðila með það að markmiði að tryggja jafnt aðgengi að menntun og að markmið menntunar séu skýr.

Tafla 1: Menntun – Tækifæri og áskoranir

Tækifæri	Áskoranir
Samvinna og samstarf	Samvinna og samstarf
Fjölbreytni fagaðila	Skortur á fagfólki
Jöfn tækifæri/þjónusta	Ójöfnuður
Aukin þátttaka og valdefling barna	Fjármagn
Fjölbreyttari/einstaklingsmiðaðri áherslur	Endurskoðun og samræming áherslna
Efla hlutverk félagsmiðstöðva	Skortur á úrræðum og biðlistar

### Lífsgæði og félagsleg staða

- Kallað var eftir tekjujafnandi aðgerðum, s.s. ókeypis skólamáltíðir í grunnskóla, fríar samgöngur, frítt í sund út grunnskóla og fría menningarviðburði með það að markmiði að jafna tækifæri barna óháð efnahagi fjölskyldunnar.
- Kallað var eftir stuðningi við fjölskylduna og samverustundir hennar, eflingu mæðraverndar, auknum stuðningi við foreldra og bættu fjármagni með það að markmiði að efla tengsl fjölskyldunnar frá upphafi ævi barns.

**Tafla 2: Lífsgæði og félagsleg staða - Tækifæri og áskoranir**

Tækifæri	Áskoranir
Jafna stöðu barna	Ójöfnuður
Auka fjárhagslegan stuðning við tekjulágar fjölskyldur	Fjárhagsstaða fjölskyldna
Efla börn til þátttöku og sjálfstæðis	Áhersla á afreksíþróttir
Auka vellíðan barna í skólaumhverfinu	Einangrun barna
Nýta þekkingu milli þjónustuaðila og greina heildarmyndina	Samstarf og samvera fjölskyldunnar
	Staðan á leigumarkaðnum og atvinnulífið

### Heilsa og vellíðan

- Kallað var eftir því að gera hreyfingu hluta af skólstarfinu á fjölbreyttari hátt. Auk þess var kallað eftir fræðslu um mikilvægi næringar, svefns, hreyfingar og heilsueflandi lífstíls með það að markmiði að efla þekkingu á líkamlegri heilsu í nærumhverfi barna.
- Kallað var eftir fræðslu og betra aðgengi að fagaðilum og auknu fjármagni í geðheilbrigðisþjónustuúrræði barna með það að markmiði að jafna tækifæri barna óháð efnahagi fjölskyldunnar og stuðla að vellíðan barna.

**Tafla 3: Heilsa og vellíðan - Tækifæri og áskoranir**

Tækifæri	Áskoranir
Samstarf og vinna þvert á kerfi	Samstarf og vinna þvert á kerfi
Valdefling og fræðsla	Andleg og líkamleg heilsa
Opið skólaumhverfi sem skapar vellíðan	Samfélagsmiðlar og skjánotkun
Jöfnun þjónustu	Úrræðaleyfi og biðlistar
Skýra umgjörð um upplýsingamiðlun	Persónuvernd og miðlun gagna
Áhersla á geðrækt starfsfólks	Fjármagn og fagþekking

**Öryggi og vernd**

- Kallað var eftir aukinni fræðslu um ofbeldi, vanrækslu og áhættuhegðun og að upplýsingaflæði milli foreldra og þjónustuaðila verði bætt með það að markmiði að leggja grunninn að fræðslu og samstarfi fagaðila í þágu barna.
- Kallað var eftir bættri gæslu í frímínútum og bættri salernisaðstöðu í skólum. Auk þess var kallað eftir aukinni fræðslu og sýnileika lögreglu og fræðslu til barna um öryggi, vanlíðan, mörk og samþykki með það að markmiði að bæta öryggi barna, bæði innan veggja skólans en einnig í samfélaginu.
- Kallað var eftir úrræðatorgi og skýrara verklagi og skráningu. Auk þess var kallað eftir fjölgun sérfræðinga og úrræða á öllum stigum með það að markmiði að efla kerfið í kringum farsæld barna.

**Tafla 4: Öryggi og vernd - Tækifæri og áskoranir**

Tækifæri	Áskoranir
Aukin fræðsla fyrir starfsfólk, foreldra og börn	Virkja alla aðila, þvert á kerfi
Skýrara verklag og bætt aðstaða	Opnunartími skóla og félagsmiðstöðva
Grípa fyrr inn í málin	Áhættuhegðun barna
Samstarf og samvinna	Samráð og samstarf
	Fordómar og hatursorðræða

### Þátttaka og félagsleg tengsl

- Kallað var eftir því að raddir barna verði efldar. Auk þess var kallað eftir því að ungmenna- og nemendaráð verði efld og hlutverk og umgjörð þeirra verði skýrð frekar með það að markmiði að efla raddir barna í samfélaginu og að börn hafi raunveruleg áhrif á eigið umhverfi.
- Kallað var eftir bættu upplýsingaflæði og þekkingu á frístundastarfi. Auk þess var kallað eftir því að íþrótta- og tómstundastarf verði eft, úrvalið aukið og aðgengi jafnað á öllu landinu með það að markmiði að efla þátttöku barna í frístunda-, íþrótta- og tómstundastarfi á jöfnum grundvelli.
- Kallað var eftir fræðslu um netöryggi og jákvæð og neikvæð áhrif samfélagsmiðla. Auk þess var kallað eftir auknu samstarfi og skýru verklagi með það að markmiði að sameina stefnu stjórnvalda og heimila um notkun og áhrif síma og samfélagsmiðla á börn.
- Kallað var eftir félagsfærniþjálfun, fræðslu um fordóma, samskipti og einelti. Auk þess var kallað eftir fleiri tækifærum fyrir börn til að efla félagstengsl með það að markmiði að efla félagsfærni barna á jákvæðan máta.

**Tafla 5: Þátttaka og félagsleg tengsl - Tækifæri og áskoranir**


Tækifæri	Áskoranir
Auka fjárhagslegan stuðning við tekjulágar fjölskyldur	Kostnaðarsöm þjónusta
Samstillt kerfi og þjónusta	Þátttaka foreldra
Auka áhrif barna	Börn hafi raunveruleg áhrif
Jöfnun þjónustu	Skortur á fagfólki
Bæta umgjörð um samfélagsmiðla/skjánotkun	Einangrun barna
	Jafna stöðu allra barna

Niðurstöður farsældarþingsins eru mikilvægur efniviður í vinnu við þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun um verkefni ríkisins sem varða farsæld barna til fjögurra ára sem verður lögð fram á haustþingi 2024.

## 2.2 Farsældarvefur og mælaborð um farsæld barna

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofa hafa unnið saman að gerð vefsíðu farsældar frá árslokum 2022. Að mati hlutaðeigandi aðila var talið sérstaklega mikilvægt að hægt væri að nálgast upplýsingar á vefsíðunni á aðgengilegan máta, bæði fyrir börn og fullorðna. Var því ákveðið að búa til stutt myndbönd fyrir vefsíðuna þar sem helstu upplýsingar um farsæld barna koma fram. Leitað var til auglýsingastofunnar Brandenburg við gerð myndbandanna, en um er að ræða teiknuð myndbönd sem lesið er inn á á íslensku, ensku og pólsku.

Vefsíðan [Farsaeldbarna.is](https://farsaeldbarna.is) var opnuð almenningi á farsældarþinginu þann 4. september 2023. Þar var auk þess kynnt vinna við gerð mælaborðs um farsæld barna sem er gagnvirk mælaborð sem byggir á fimm grunnstoðum farsældar. Frá þeim tíma hefur allt efni vefsíðunnar verið þýtt á ensku og pólsku auk þess sem unnið hefur verið áfram við gerð mælaborðsins. Á farsældarvefnum er hægt að tengjast beint inn á mælaborð farsældar þar sem dregin er fram heildstæð mynd af farsæld barna á Íslandi. Með mælaborðinu er horft til þess að safna tölfræðigögnum um ólík málefni og hópa barna og tryggja að stjórnvöld hafi yfirlit yfir þætti er varða farsæld barna á Íslandi sem byggir á nýlegum og aðgengilegum gögnum. Er þar ekki síst horft til þess að draga fram stöðu viðkvæmra hópa barna og tryggja aðgang stjórnvalda að upplýsingum sem varpa ljósi á stöðu og þarfir þessara hópa. Tölfræðigögnin í mælaborðinu eru flokkuð eftir grunnstoðum farsældar og hver og ein stoð samanstendur af tveimur til þremur undirstoðum sem varpa betur ljósi á einstaka þætti grunnstoðar. Á bak við hverja undirstoð liggja síðan nokkrar mælingar.




## 3. Barna- og fjölskyldustofa

Meginhlutverk Barna- og fjölskyldustofu er að veita og styðja við þjónustu í þágu barna og stuðla að gæðapróun í samræmi við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Þá hefur stofnunin sérstöku hlutverki að gegna við framkvæmd farsældarlaganna og ber m.a. ábyrgð á útgáfu leiðbeininga, gátlista og annars stuðningsefnis um samþættingu fyrir þjónustuveitendur ásamt útgáfu staðlaðra eyðublaða og upplýsinga til notenda þjónustunnar. Stofnunin veitir reglubundna fræðslu um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna til þeirra sem koma að samþættingunni, veitir ráðgjöf til tengiliða, málstjóra og stuðningsteyma og ákvarðar tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Á síðastliðnu ári hafa sífellt fleiri verkefni tengd innleiðingu farsældarinnar færst frá mennta- og barnamálaráðuneytinu yfir til Barna- og fjölskyldustofu.


### 3.1 Skráningar tengiliða og málstjóra

Barna- og fjölskyldustofa heldur utan um skráningar á tengiliðum og málstjórum farsældar, en í lok febrúar höfðu samtals 620 tengiliðir og 185 málstjórar skráð sig hjá stofnuninni. Í byrjun árs 2024 hóf Barna- og fjölskyldustofa söfnun á tölulegum upplýsingum frá tengiliðum og málstjórum farsældar, þar sem þeir skila inn mánaðarlegum upplýsingum um fjölda mála í samþættri þjónustu. Niðurstöður úr skráningum fyrir janúar og febrúar 2024 liggja fyrir og byggja eftirfarandi upplýsingar á þeim.




Ef miðað er við heildarfjölda skráðra tengiliða og málstjóra hjá Barna- og fjölskyldustofu þá skiluðu um 30% tengiliða skráningu fyrir janúar og febrúar, en um 50% málstjóra skiluðu skráningu fyrir janúar og um 30% fyrir febrúar. Vert er að hafa í huga að um nýtt fyrirkomulag er að ræða og því ekki óeðlilegt að skráningarhlutfallið sé fremur lágt í upphafi á meðan fólk er að feta sig áfram og læra á nýtt verklag. Af þeim tengiliðum sem skiluðu skráningu fyrir janúar og febrúar bárust flestar skráningar frá tengiliðum í leikskólum (um 52%) og næstflestar frá tengiliðum í grunnskólum (um 38%).





**Mynd 3: Skráningar tengiliða eftir starfsvettvangi**

Af þeim málstjórum sem skiluðu skráningu voru um 70% þeirra málstjórar á öðru stigi og um 21% þeirra málstjórar á þriðja stigi, líkt og sjá má á neðangreindri mynd.



**Mynd 4: Skráningar málstjóra eftir þjónustustigum**

Samkvæmt skráningum tengiliða og málstjóra var fjöldi samþættra mála samtals 854 í lok janúar og 974 í lok febrúar hjá tengiliðum en 856 í lok janúar og 439 í lok febrúar hjá málstjórum. Er hér átt við mál sem voru í virkri vinnslu í lok mánaðar óháð því hvenær málið hófst. Þess ber að geta að talsvert færri málstjórar skiluðu inn skráningu fyrir febrúar en fyrir janúar og því er ekki hægt að ganga út frá því að málum hafi í raun fækkað.

## 3.2 Farsældarrútan

Á árinu 2023 heimsótti Barna- og fjölskyldustofa annað árið í röð fjölda sveitarfélaga víðs vegar á landinu, undir merkjum Farsældarrútunnar.<sup>1</sup>

Farsældarrútan fundaði með nær öllum sveitarfélögum landsins á tímabilinu febrúar til nóvember 2023. Alls voru 37 fundir haldnir og sóttu rúmlega 1.200 manns fundina. Eftirfarandi upplýsingar endurspeglar stöðu innleiðingar á árinu 2023 og er miðað við stöðu sveitarfélaganna þegar heimsóknir Farsældarrútunnar áttu sér stað.


Sveitarfélögin eru komin mislangt á veg hvað varðar innleiðingu á farsældarlögum, en í kjölfar Farsældarrútunnar 2023 flokkaði Barna- og fjölskyldustofa stöðu sveitarfélaganna í þrjá flokka. Vert er að taka fram að út frá samtölum við sveitarfélögin má leiða líkur á því að einhver sveitarfélög hafi færst á milli flokka í kjölfar heimsóknar Farsældarrútunnar.

Flokkarnir eru skilgreindir með eftirfarandi hætti:

- **Sveitarfélög sem hafa tekið fyrstu skref innleiðingar:** Sveitarfélagið er byrjað að undirbúa innleiðingu farsældarlaganna, m.a. með því að setja saman starfshópa og/eða ráða til sín innleiðingarstjóra. Sveitarfélagið hefur kynnt sér farsældarlögin vel, er að fara yfir innviði sína og aðlaga vinnu þess að farsældarlögum. Sveitarfélagið hefur ekki tilnefnt tengiliði farsældar eða hafið samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- **Sveitarfélög þar sem innleiðing er hafin:** Sveitarfélagið er búið að ráða innleiðingarstjóra eða tilgreina aðila sem stýra innleiðingunni. Búið er að tilnefna tengiliði farsældar og ákveða hvernig málstjórn á öðru stigi verður háttað. Farsældarlögin hafa verið kynnt fyrir flestum þjónustuveitendum í sveitarfélaginu og stefnt er að því að hefja samþættingu hjá tengiliðum og málstjórum farsældar.
- **Sveitarfélög þar sem samþætting þjónustu er hafin:** Sveitarfélagið er byrjað að vinna mál í samþættingu. Komin er reynsla á vinnu tengiliða á fyrsta stigi og málstjórar eru byrjaðir að vinna mál á öðru og jafnvel þriðja stigi. Sveitarfélagið á í samtali við heilsugæslu og framhaldsskóla á svæðinu og úrræðalistar eru aðgengilegir fyrir tengiliði og málstjóra.


---

<sup>1</sup> [Skýrsla Barna- og fjölskyldustofu um Farsældarrútuna 2023.](#)



**Mynd 5: Staða innleiðingar farsældar í sveitarfélögum 2023**

Samkvæmt upplýsingum frá Barna- og fjölskyldustofu hafa öll sveitarfélög landsins tilnefnt tengiliði og málstjóra farsældar og allar heilsugæslustöðvar á landinu hafa tilnefnt tengiliði farsældar.



**Mynd 6: Staða innleiðingar farsældar í sveitarfélögum 2022**

Ef þessar upplýsingar eru bornar saman við stöðu innleiðingar í sveitarfélögum á árinu 2022<sup>2</sup> má sjá að sveitarfélögum þar sem samþætting þjónustu er hafin hefur fjölgað úr 18 í 31 frá haustinu 2022. Þá hafa öll sveitarfélög landsins hafið innleiðingu farsældar, en haustið 2022 hafði engin vinna verið hafin við innleiðingu farsældar hjá 12 sveitarfélögum. Ljóst er að veruleg breyting hefur orðið á milli ára hvað þetta varðar. Haustið 2022 var undirbúningsvinna við innleiðingu farsældar hafin hjá 35 sveitarfélögum, en þess ber að geta að ríkari

<sup>2</sup> Upplýsingar um stöðu sveitarfélaga árið 2022 eru fengnar úr óútgefinni skýrslu Barna- og fjölskyldustofu.

kröfur eru gerðar til þess að tilheyra flokknum „Innleiðing hafin“ en flokknum „Undirbúningsvinna hafin“.

### 3.3 Farsældarskóli

Farsældarskóli Barna- og fjölskyldustofu er stafrænn fræðsluvettvangur á vefsíðu stofnunarinnar og er hugsaður sem vettvangur fyrir fræðslu- og stuðningsefni ætlað tengiliðum og málstjórum farsældar. Nú þegar eru aðgengileg tvö gagnvirk netnámskeið á vef Farsældarskólans sem ætluð eru tengiliðum farsældar, en öllum þeim sem vinna með börnum og fjölskyldum eða hafa áhuga á málefnum er velkomið að fara í gegnum námskeiðin. Stefnt er að því að með tímanum verði frekara fræðslu- og stuðningsefni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna bætt við Farsældarskólann.

Farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu ákvað að leggja megináherslu á fræðslu tengiliða farsældar á árinu 2023, m.a. til að styrkja fyrsta þjónustustigið og leitast því við að draga úr líkum á því að börn þurfi sérhæfðari og viðameiri stuðning og úrræði á öðru eða þriðja þjónustustigi. Undirbúningsvinna við gerð fræðsluefnis tengiliða hófst í október 2022 og var Réttindaskóli UNICEF valinn sem fyrirmynd framsetningar þess. Þá voru upptökur á fræðslumyndböndum unnar í samvinnu við framleiðslufyrirtækið Akademias.

Grunnnámskeið tengiliða farsældar var gefið út á vettvangi Farsældarskólans í apríl 2023 og alls hafa 1.148 manns lokið námskeiðinu. Grunnnámskeiðið felur í sér grunnkynningu á farsældarlögunum ásamt ítarlegri umfjöllun um hlutverk tengiliða farsældar og samanstendur af níu fræðslumyndböndum ásamt spurningum og ítarefni til ígrundunar.

Rúmum mánuði eftir að grunnnámskeiðið var gefið út var námskeiðsmat sent þátttakendum þess til þess að fá endurgjöf á námskeiðið ásamt frekari upplýsingum um hvaða verkfæri og fræðsla myndi gagnast tengiliðum í áframhaldandi fræðslu og styrkja þá enn frekar í hlutverki þeirra.

Upplýsingarnar voru síðan nýttar sem fóður inn í efnistöð framhaldsnámskeiðs tengiliða farsældar, sem gefið var út á vettvangi Farsældarskólans 1. febrúar 2024 og hafa alls 320 manns lokið framhaldsnámskeiðinu.

Á framhaldsnámskeiði tengiliða var byggt ofan á grunnnámskeiðið og kafað enn dýpra í hlutverk tengiliða og þær áskoranir sem því fylgja. Einnig er farið yfir hagnýtar aðferðir og verkfæri sem tengiliðir geta nýtt í vinnu sinni með bæði börnum og foreldrum. Í lok námskeiðsins eru tekin nokkur kennsludæmi þar sem tengiliðir fá tækifæri til að reyna sig áfram í lausn áskoranna sem börn og foreldrar geta glímt við.

### 3.4 Kynningarmyndband

Frá upphafi innleiðingar farsældarlaganna hefur verið mikil ásókn af hálfu stofnana á vegum ríkisins og sveitarfélaga sem og almennra þjónustuveitenda í að fá grunnkynningu á farsældarlögunum frá Barna- og fjölskyldustofu. Farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu ákvað því að gefa út kynningarmyndband ásamt glærुकynningu um farsældarlögin og gera aðgengilegt á vefsíðu stofnunarinnar. Þar með geta stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga sótt sér efnið til upplýsinga og til að aðstoða við fræðslu starfsfólks stofnana og þeirra sem veita almenna þjónustu.



Kynningarmyndbandinu er ætlað að koma til móts við þá aðila sem vinna að málefnum barna og vilja dýpka þekkingu sína á farsældarlögunum. Þá má einnig nýta myndbandið við kynningar á farsældarlögunum til foreldra. Upptökur á myndbandinu voru unnar í samvinnu við Akademias og var kynningarmyndbandið, ásamt glærुकynningunni, birt á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu í ágúst 2023. Birtingunni var fylgt eftir með upplýsingapósti til allra stjórnenda í heilsugæslu, leik-, grunn- og framhaldsskólum ásamt innleiðingarstjórum farsældar hjá sveitarfélögum, þar sem þeir voru hvattir til að nýta myndbandið ásamt glærुकynningunni við kynningar á farsældarlögunum til starfsfólks þeirra.

## 4. Farsæl frumkvöðlasveitarfélög

Sveitarfélögin Akraneskaupstaður, Akureyrarbær, Sveitarfélagið Árborg og Vestmannaeyjabær tóku að sér að gerast svokölluð „frumkvöðlasveitarfélög“ við innleiðingu farsældarlaganna frá upphafi innleiðingar og felur það hlutverk m.a. í sér að sveitarfélögin eru í sérstöku sambandi við Barna- og fjölskyldustofu á innleiðingartímanum. Með því að taka þetta hlutverk að sér gefst sveitarfélögunum bæði rými og tækifæri til að reka sig á vandamál og afla þannig upplýsinga og skapa verkfærakistu sem önnur sveitarfélög gætu nýtt síðar meir.

### 4.1 Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður opnaði formlega fyrir beiðni um samþættingu í ágúst 2022 og í lok árs 2023 voru 187 virk mál í samþættingu í sveitarfélaginu. Samkvæmt upplýsingum frá Akraneskaupstað er aðgengi að aðstoð og stuðningsþjónustu við hæfi mun betra eftir tilkomu farsældarlaganna og hafa foreldrar greint frá því að þau finni töluverðan mun. Foreldrar upplifa meiri og betri samþættingu og greina frá því að málstjórn hafi skilað sér í auknu öryggi fyrir þau og börn þeirra sem og betri þjónustu. Að sögn sveitarfélagsins felast helstu tækifæri við innleiðingu farsældar í eflingu stuðningsúrræða í nærumhverfi og nýtingu mannauðs, áframhaldandi neðansækinni (e. *bottom-up*) nálgun í lærdómsferli og sköpun og auknu gegnsæi í þjónustu við börn og fjölskyldur. Helstu áskoranir við innleiðingu farsældar að mati sveitarfélagsins hafa falist í því að byggja upp sterkan grunn að samstarfi við heilsugæslu, uppbyggingu tengiliða og aukið fjármagn í fyrsta stigs þjónustu, m.a. til að fyrirbyggja aukningu mála á þriðja stigi, og veitingu viðeigandi stuðnings við börn og fjölskyldur af erlendum uppruna.

### 4.2 Vestmannaeyjabær

Vestmannaeyjabær opnaði formlega fyrir beiðni um samþættingu í mars 2022 og í lok árs 2023 voru 138 virk mál í samþættingu í sveitarfélaginu. Alls hefur 18 málum verið lokað með góðum árangri og 23 mál hafa verið færð frá öðru eða þriðja stigi niður á fyrsta stig. Þá hafa 5 mál verið færð frá fyrsta stigi upp á annað stig og 1 mál hefur verið fært frá öðru stigi upp á þriðja stig. Innleiðing farsældarinnar í Vestmannaeyjum hefur gengið vel samkvæmt sveitarfélaginu. Að sögn sveitarfélagsins felast tækifæri í farsældinni, vinnan er formlegri og skilvirkari, boðleiðir eru styttri og auðveldari og það er öflugra og meira samstarf á milli stofnana sem vinna með börnum eftir tilkomu farsældarlaganna. Sveitarfélagið nær jafnframt að grípa fyrr inn í mál barna og styrkleikar og sérþekking á hverju sviði og hjá hverjum starfsmanni nýtist betur.

### 4.3 Akureyrarbær

Akureyrarbær opnaði formlega fyrir beiðni um samþættingu í febrúar 2022 og í lok árs 2023 voru 153 virk mál í samþættingu í sveitarfélaginu. Samkvæmt sveitarfélaginu hefur verið góður meðbyr hjá þeim sem taka þátt á grundvelli farsældarlaganna, hvort sem það eru tengiliðir, þjónustuveitendur eða aðrir sem að málaflokknum koma. Að mati sveitarfélagsins hefur gengið vel að innleiða farsældina og má sjá jákvæðar breytingar eftir tilkomu farsældarlaganna. Samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbæ nær sveitarfélagið að grípa börn og fjölskyldur með farsældinni sem annars gætu hafa fallið á milli kerfa. Helstu tækifærin við innleiðingu farsældarinnar felast í því að þetta samvinnu og samtal og koma í veg fyrir að vandi barns verði of flókinn. Að sögn sveitarfélagsins hafa áskoranir einna helst falist í því að allir öðlist sameiginlegan skilning á túlkun laganna sem og hlutverki hvers og eins í innleiðingarferlinu.

### 4.4 Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Árborg opnaði formlega fyrir beiðni um samþættingu í janúar 2022 og í lok árs 2023 voru 132 virk mál í samþættingu í sveitarfélaginu. Að sögn sveitarfélagsins hefur innleiðingin gengið vel, þó ýmsar hindranir komu upp en mikið og gott samtal við lausnaleit hefur skilað árangri. Að mati sveitarfélagsins þarf að halda áfram að styrkja skilning allra á hlutverki tengiliða í grunnþjónustu sem fyrstu snertingu, þegar vandi steðjar að. Þá þarf að halda áfram að styðja við mikilvægi þess að tengiliðir hafi svigrúm til að kortleggja stuðningsþörf og gera áætlun um næstu skref í stuðningi við barn og fjölskyldu á fyrsta stigi.

Eftirfarandi mynd sýnir skiptingu fjölda virkra samþættra mála í frumkvöðlasveitarfélögum eftir þjónustustigum í lok ársins 2023.



Mynd 7: Fjöldi samþættra mála í lok 2023 eftir þjónustustigum

## 5. Farsælir grunnskólar

Frá haustinu 2023 hafa Barna- og fjölskyldustofa og Embætti landlæknis átt gott og árangursríkt samstarf vegna innleiðingar farsældarlaganna í grunnskólum með svokölluðum gátlista farsældar og kynningu á gátlistanum fyrir starfsfólki grunnskóla. Gátlisti farsældar er liður í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli sem Embætti landlæknis stýrir og eru um 70% allra grunnskóla landsins hluti af verkefninu. Heilsueflandi grunnskóli er hluti af Heilsueflandi verkefninu, sem er vettvangur fyrir markvisst lýðheilsustarf í sveitarfélögum, skólum og vinnustöðum. Mikil samlegð er milli verkefnis Heilsueflandi grunnskóla og Heilsueflandi framhaldsskóla, sem fjallað verður nánar um í kafla 6.

Verkefnið Heilsueflandi grunnskóli byggir á þeirri stefnu að nálgast heilsueflingu og forvarnir út frá víðtæku og jákvæðu sjónarhorni. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Hver þátttökugrunnskóli hefur aðgang að lokuðu vefsvæði innan kerfis Heilsueflandi grunnskóla þar sem finna má gátlista, þ. á m. gátlista farsældar, sem skólastjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu geta nýtt til að meta eigin stöðu og í framhaldinu haldið utan um markvisst heilsueflingarstarf. Kerfið er hugsað fyrir hvern skóla til að meta stöðu sína, sjá hvar vel gengur og hvar tækifæri eru til vaxtar.

Gátlisti farsældar var gefinn út í kerfi Heilsueflandi grunnskóla mánaðamótin mars/apríl 2024. Þar er hann aðgengilegur öllum grunnskólum landsins, hvort sem þeir eru þátttakendur í verkefni Heilsueflandi grunnskóla eða ekki. Í byrjun apríl 2024 var haldin kynning á gátlista farsældar og kerfi Heilsueflandi grunnskóla fyrir skólastjórnendur, tengiliði farsældar í grunnskólum, tengiliði Heilsueflandi grunnskóla og innleiðingastjóra farsældar í sveitarfélögum. Kynningin var tekin upp og allir skráðir þátttakendur fengu í kjölfarið aðgang að upptökunni. Skráning á kynninguna var góð, en u.þ.b. 280 manns frá um 150 grunnskólum skráðu sig til þátttöku.

Unnið er að gerð gátlista farsældar fyrir leikskóla og er stefnt að því að sá gátlisti verði aðgengilegur í kerfi Heilsueflandi leikskóla haustið 2024.






## 6. Farsælir framhaldsskólar

Í september 2022 hófst vinna við innleiðingu farsældarlaganna í framhaldsskólum með ráðningu sérstaks verkefnastjóra til ráðuneytisins. Frá september 2022 til sumarsins 2023 var unnið öflugt og markvisst starf af hálfu ráðuneytisins og Barna- og fjölskyldustofu við að innleiða farsældina í framhaldsskólum landsins, m.a. með kynningum á farsældinni fyrir stjórnendur og starfsfólk framhaldsskólanna.

Veitt var fjármagn til 30 framhaldsskóla á landinu vegna innleiðingar farsældar fyrir árið 2023, en það eru tvöfalt fleiri framhaldsskólar en fengu fjármagn á árinu 2022. Fjármagni til framhaldsskóla var skipt þannig að 40% skiptist milli framhaldsskóla í hlutfalli við stærð þeirra (heildarfjöldi nemenda). Þá var 60% fjármagnsins skipt hlutfallslega milli framhaldsskóla eftir því hve líklegir nýnemar (úr grunnskóla) eru til að hætta í námi (% brotthvarf). Heildarfjárhæð sem greidd var til framhaldsskóla árið 2023 var 108 m.kr. Um er að ræða talsverða hækkun frá þeirri upphæð sem greidd var til framhaldsskóla árið 2022, en þá voru samtals 28 m.kr. greiddar til 15 framhaldsskóla.


Í byrjun árs 2024 lagði ráðuneytið spurningakönnun fyrir skólameistara þeirra 30 framhaldsskóla sem fengu úthlutun fjármagns til innleiðingar farsældarlaganna á árinu 2023 þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvernig fjármagnið nýttist innan skólanna og um fjölda mála í samþættingu innan hvers skóla. Svör bárust frá öllum 30 framhaldsskólunum og byggja eftirfarandi upplýsingar á svörum þeirra.

Samkvæmt upplýsingunum sem ráðuneytinu barst frá framhaldsskólunum höfðu samtals 145 mál verið samþætt í þeim 30 skólum sem fengu úthlutun árið 2023. Einn skóli hafði ekki tölu á málunum en tiltók að þau væru þó nokkur og þá voru 9 mál í vinnslu og á leið í samþættingu þegar spurningunum var svarað. Einnig er þá ótalinn sá fjöldi mála á öðru og þriðja stigi sem skólarnir höfðu aðkomu að með setu í stuðningsteymum. Alls voru 73 starfsmenn að sinna hlutverki tengiliða í skólunum og 17 skólar bættu við sig stöðugildum vegna verkefna tengiliða.




**Mynd 8: Staða farsældar í framhaldsskólum – Fjöldi mála í lok árs 2023**

Upplýsingar um kostnað skólanna vegna innleiðingar farsældar bárust frá 26 af 30 skólum. Var heildarkostnaður þeirra 112 m.kr. en framlagið 108 m.kr. Gera má ráð fyrir að svo til allur sá kostnaður sé til kominn vegna starfa tengiliða. Þeir skólar sem ekki skiluðu inn fjárhagsupplýsingum tiltóku annars vegar að kostnaðurinn væri óverulegur og hins vegar að hann væri óljós.



**Mynd 9: Upplýsingar um framlag til framhaldsskóla og uppgjafinn kostnaður þeirra á árinu 2023**


Af framhaldsskólunum 30 hafa 24 þeirra aðgengilegar upplýsingar um tilgreindan tengilið farsældar í skólunum á vefsíðum sínum. Af þeim hafa 22 skólar sérstakt vefsvæði tileinkað farsældinni á vefsíðum sínum þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um farsældarþjónustu skólanna.



**Mynd 10: Upplýsingar á vefsíðum framhaldsskóla um farsæld**

Frá haustinu 2022 hafa mennta- og barnamálaráðuneytið, Barna- og fjölskyldustofa og Embætti landlæknis átt ánægjulegt og árangursríkt samstarf vegna innleiðingar farsældarlaganna í framhaldsskólum með svokölluðum gátlista farsældar og kynningu á farsældarlögum og gátlistanum fyrir starfsfólk framhaldsskóla. Gátlisti farsældar er liður í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem Embætti landlæknis stýrir en allir 30 framhaldsskólar á landinu sem bjóða upp á bók- og verknám til stúdents- og/eða sveinsprófs eru þátttakendur í verkefninu. Meginmarkmið með verkefninu er að styðja framhaldsskóla í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilsusamlegum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan. Um er að ræða sams konar verkefni og Heilsueflandi grunnskóli, sem fjallað er um í kafla 5.

Kerfi Heilsueflandi framhaldsskóla þótti tilvalinn vettvangur til að styðja við innleiðingu farsældarlaganna í framhaldsskólum, enda er kerfið þegar kunnugt stjórnendum framhaldsskólanna og hugmyndafræði farsældarinnar fellur vel að áherslum verkefnisins. Samkvæmt upplýsingum frá framhaldsskólunum hefur verkefnið reynst vel líkt og neðangreind mynd sýnir, enda hafa rúm 70% framhaldsskólanna nýtt sér gátlista farsældar.



Mynd 11: Nýting gátlista farsældar hjá framhaldsskólum í lok árs 2023

## 7. Farsæl heilbrigðisþjónusta

Markviss samvinna stjórnvalda um innleiðingu farsældarlaganna í heilbrigðisþjónustu hófst í júní 2023 en fyrir þann tíma hafði Barna- og fjölskyldustofa haldið þónokkrar kynningar á vettvangi heilbrigðisþjónustu.

Fyrsta markmið samvinnunnar var að greina tækifæri og áskoranir við innleiðingu farsældar í heilbrigðisþjónustu, en sérstaklega var einblínt á hlutverk tengiliða farsældar í heilsugæslu á landsvísu. Haldnir voru fundir til að ræða álitamál tengd innleiðingu farsældar í heilbrigðisþjónustu og veitti Barna- og fjölskyldustofa starfsfólki í heilbrigðisþjónustu fræðslu um inntak og markmið farsældarlaganna með áherslu á hlutverk heilsugæslunnar. Eftir víðtækt samráð var ákveðið að boða til vinnudags tengiliða farsældar í heilsugæslu.

Vinnudagur tengiliða farsældar í heilsugæslu var haldinn í nóvember 2023. Mennta- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra settu vinnudaginn en markmið vinnudagsins var að virkja tengiliðina, liðka fyrir miðstýringu innleiðingar farsældarlaganna í heilbrigðisþjónustu og að koma á samræmdu verklagi fyrir tengiliði í heilsugæslu á landsvísu. Skipulag og framkvæmd vinnudagsins var unnin af fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins, Barna- og fjölskyldustofu, Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu og fulltrúa frá Landspítalanum.



Þátttakendur á vinnudeginum komu frá öllum heilbrigðisumdæmum landsins ásamt Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þátttakendur voru starfsfólk í ung- og smábarnavernd eða mæðravernd og voru allir skráðir tengiliðir farsældar hjá Barna- og fjölskyldustofu. Fyrir vinnudaginn voru þátttakendur hvattir til að kynna sér efni laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar

barna og reglugerðir um tengiliði og málstjóra þjónustu í þágu farsældar barna. Einnig var lagt til að þátttakendur myndu ljúka grunnnámskeiði fyrir tengiliði farsældar í Farsældarskóla Barna- og fjölskyldustofu. Þátttakendur voru jafnframt beðnir um að vinna tiltekna undirbúningsvinnu fyrir vinnudaginn.

Afurð vinnudagsins verður nýtt sem efniviður fyrir frekari þróun á verklagi og leiðbeiningum fyrir tengiliði farsældar í heilsugæslu á landsvísu og mun Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu leiða þá vinnu í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofu.

Ákveðið var að ráðstafa hluta af fjármagninu sem mennta- og barnamálaráðuneytið úthlutaði til heilbrigðisráðuneytisins til innleiðingar farsældar í heilbrigðisþjónustu á árinu 2023 til að ráða verkefnastjóra til Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu. Hlutverk verkefnastjórans er að stýra áframhaldandi vinnu, móta verkferla í samvinnu við starfsfólk og innleiða þá í starfi allra heilsugæslustöðva. Samkvæmt upplýsingum frá Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu er búið að ráða í stöðuna og gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf í maí 2024.

Þá hefur Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu ákveðið að setja á laggirnar stýrihóp innleiðingar farsældar sem skal skipaður af fulltrúum allra heilbrigðisumdæma landsins ásamt fulltrúa farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu. Stýrihópnum er ætlað að styðja við starf verkefnastjóra innleiðingar farsældar barna í heilsugæslu.

## 8. Farsæl löggæsla


Embætti ríkislögreglustjóra hefur unnið að verklagi vegna barna í viðkvæmri stöðu, sem eru þolendur eða gerendur afbrota. Verklagsvinnuna má rekja til ákvörðunar þáverandi félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra frá febrúar 2021 um að mótaðar yrðu reglur fyrir lögregluna á landsvísu um verklag vegna ofbeldisbrota meðal barna og hvernig skyldi standa að samstarfi við aðrar stofnanir um afbrotavarnir á grundvelli samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.

Sem liður í þessu starfi og á grundvelli farsældarlaganna hefur ríkislögreglustjóri sett verklagsreglur vegna hlutverks lögreglu í samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Reglurnar kveða á um aðkomu og hlutverk lögreglu til að stuðla að farsæld barna í skilningi farsældarlaganna. Þá eru dæmi um að embætti lögreglustjóra í ákveðnum umdæmum hafa sett sínar eigin verklagsreglur til fyllingar reglum ríkislögreglustjóra og

myndað farsældarteymi lögreglu innan umdæmisins. Jafnframt hafa verið útbúnar leiðbeiningar um samskipti lögreglu við börn.

Næstu skref í verklagsvinnu Embættis ríkislögreglustjóra eru gerð verklagsreglna vegna barnaverndartilkynninga og verklag um meðferð og skráningu mála vegna afbrota barna.





## 9. Farsælt íþróttá- og tómsundastarf

Farsældarlögin kveða á um að þeir sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna beri ákveðnar skyldur til að fylgjast með velferð og farsæld barns, greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt og bregðast við þeim. Þessi skylda á t.d. við um sjálfstætt starfandi sérfræðinga, íþróttá-, lista- og æskulýðsstarf og starfsemi frjálsra félaga- og hagsmunasamtaka. Í lok ársins 2022 var ráðinn verkefnastjóri til ráðuneytisins sem hefði m.a. það hlutverk að styðja sérstaklega við innleiðingu farsældarlaganna í íþróttá- og tómsundastarfi og tryggja víðtækt samstarf við íþróttahreyfinguna. Fór viðkomandi í fjölda heimsókna með Farsældarrútu Barna- og fjölskyldustofu, þar sem m.a. fulltrúar frá íþróttahreyfingunni mættu og fengu kynningu á farsældinni.


Barna- og fjölskyldustofa hélt kynningarfundir á árinu 2023 með forystufólki Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og íþróttahéraða. Starfsmenn farsældarsviðs Barna- og fjölskyldustofu héldu jafnframt kynningu um íþróttir og farsæld á formannafundi Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands á sl. ári, en fundinn sátu formenn og framkvæmdastjórar sérsambanda og íþróttahéraða.

Frá árinu 2023 hefur verið unnið að gerð fræðsluefnis fyrir þjálfara um inntak farsældarlaganna, hlutverk þjálfara í að stuðla að farsæld barna og hvernig íþróttir geta verið liður í farsæld barna. Markmið fræðsluefnisins er m.a. að þjálfarar og aðrir innan íþróttahreyfinganna séu meðvitaðir um þeirra aðkomu að innleiðingu farsældarlaganna. Fræðsluefnið varð hluti af þjálfaramenntun Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands í febrúar 2024 en unnið er að gerð almenns fræðsluefnis um farsældina fyrir íþróttahreyfinguna sem mun einnig nýtast fyrir önnur samtök.

Á síðastliðnu ári auglýsti mennta- og barnamálaráðherra í tvígang eftir umsóknum um styrki frá íslenskum félagasamtökum til verkefna sem varða farsæld og samfélagslega virkni barna. Veittir voru styrkir til fjölda íþróttafélaga í þágu farsældar barna, m.a. til Íþróttafélagsins Leiknis, sem fékk styrk til að ráða inn tvo starfsmenn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn við knattspyrnskóla félagsins. Markmiðið með styrknum var að fjölga iðkendum með áherslu á börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Á sumarnámskeiðinu 2023 fjölgaði börnum um 40 frá árinu 2022 og voru börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn u.þ.b. þriðjungur heildarþátttakenda.

Í lok árs 2023 undirritaði ráðherra samkomulag við Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands til tveggja ára, um átta nýjar starfsstöðvar og 16 stöðugildi, til eflingar íþróttastarfs á landsvísu.

Áhersla er lögð á að tryggja þátttöku og jöfn tækifæri allra barna til íþróttaiðkunar sem styður vel við markmið og hugmyndafræði farsældarlaganna. Verkefnið er komið vel af stað en búið er að ráða í starf verkefnisstjóra verkefnisins auk þess sem búið er að auglýsa í framangreind 16 stöðugildi.



# 10. Farsæld í Háskóla Íslands

## 10.1 Lektorsstöður

Þáverandi félags- og barnamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands undirrituðu samstarfssamning í september 2021 um að háskólinn setti á laggirnar tvær tímabundnar lektorsstöður við Félagssráðgjafadeild Háskóla Íslands til þriggja ára, í því skyni að efla kennslu og rannsóknir vegna nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Auk þess áttu lektorar að veita Samstarfsneti um rannsóknir á farsæld barna á Íslandi – Farsældarneti (*The Icelandic Research-Network on the Wellbeing of Children and Families – ICEWEL*) forystu. Önnur lektorsstaðan er á sviði barnaverndar með áherslu á rétt barna til þjónustu, þátttöku og þverfaglegs samstarfs með áherslu á teymisvinnu og málstjórn. Hin staðan er á sviði kostnaðar og nytjagreininga með áherslu á mælingar á hagrænum ávinningi breytinganna. Voru stöðurnar stofnaðar til að sem best tækist til við að innleiða ný vinnubrögð sem byggja á samþættingu þjónustu við börn, en mikilvægt er að leggja áherslu á menntun fagstétta, auk endur- og símenntunar í beitingu aðferða málstjórnunar og þverfagleggrar samvinnu. Verið er að skoða möguleika á áframhaldandi samstarfi við Háskóla Íslands á grundvelli nýs samnings.

## 10.2 Farsældarnet (ICEWEL)


Farsældarnetið hefur það að markmiði að tengja saman rannsakendur sem geta kortlagt ávinning þess að samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og skapa vettvang fyrir þverfaglegt samtal. Til að meta áhrif samþættingar þarf að horfa til margra þátta, s.s. vellíðunar, heilsu, menntunar, öryggis, áfalla og seiglu. Það er mikilvægt að meta áhrif bæði til skemmri og lengri tíma, en auk þess er mikilvægt að rannsaka áhrif samþættingar á starfsfólk og skilvirkni kerfa.

## 10.3 Diplómanám í farsæld barna


Liður í samstarfi ráðuneytisins og Háskóla Íslands er að háskólinn bauð upp á nýja námsleið, fyrst haustið 2022 og nú í annað sinn haustið 2023, 30 eininga diplómanám í farsæld barna. Námið er hugsað sem nám með starfi og tekur yfir eitt skólaár. Er náminu ætlað að styðja við innleiðingu farsældarlaganna með því að byggja upp þekkingu á löggjöfinni sjálfri, barnamiðaðri nálgun, samþættingu þjónustu, hlutverki tengiliða, málstjóra og mælingum á löggjöfinni. Í náminu er lögð áhersla á færni í teymisvinnu og þverfaglegri samvinnu. Kennarar með fjölbreyttan bakgrunn hafa komið að kennslunni í diplómanáminu, m.a. frá ráðuneytinu, Barna- og fjölskyldustofu og Menntamálastofnun. Námið samanstendur af eftirfarandi þremur 10 ECTS-eininga námskeiðum:

- Samþætt þjónusta við börn: Löggjöf um farsæld
- Börn og farsæld: Réttindi barna og þátttaka þeirra
- Tengiliðir og þverfaglegt samstarf: Nýtt vinnulag í þágu barna

Þann 31. ágúst 2023 höfu 137 nemendur námið. Líkt og neðangreindar myndir sýna er bakgrunnur nemenda í diplómanáminu skólaárið 2023/2024 ólíkur.



Mynd 12: Starfsvettvangur nemenda skólaárið 2023/2024 eftir kerfum



Mynd 13: Starfsvettvangur nemenda skólaárið 2023/2024 eftir þjónustustigi

## 10.4 Grunnrannsókn á innleiðingu farsældar

Á grundvelli samnings milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands var framkvæmd grunnrannsókn á innleiðingu farsældarlaganna. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að leggja grunn að mati á árangri laganna með því að mæla viðhorf notenda farsældarþjónustu og þjónustuveitenda til núverandi þjónustu þannig að síðar verði hægt að meta hvort breyting hafi orðið á þeim. Upplýsinga meðal þjónustunotenda var aflað með könnun meðal foreldra, rýnihópum foreldra og einstaklingsviðtölum við börn. Upplýsingum meðal þjónustuveitenda var aflað með könnun meðal þjónustuveitenda og með rýnifundi fagfólks sem starfar að málafnum barna. Unnið var úr niðurstöðum grunnrannsóknarinnar í ráðuneytinu yfir sumarið 2023 og voru niðurstöðurnar kynntar á farsældarþingi þann 4. september 2023. Niðurstöður kannana meðal foreldra og þjónustuveitenda voru greindar eftir búsetu, þ.e. hvort svarandi var búsettur í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu (utan Reykjavíkur), utan höfuðborgarsvæðisins í frumkvöðlasveitarfélagi eða í öðru sveitarfélagi utan höfuðborgarsvæðisins.



Alls bárust 6.320 svör við könnun meðal foreldra. Svörin bentu til að hærra hlutfall barna í Reykjavík en annars staðar á landinu hafði ekki nýtt þjónustu í félags-, mennta- og heilbrigðiskerfinu, þrátt fyrir að þurfa á þjónustunni að halda. Við greiningu svara þeirra sem þurftu á þjónustu sveitarfélaga að halda komu fram vísbendingar um að börn í frumkvöðlasveitarfélögum hafi frekar fengið þjónustu á vegum sveitarfélagsins en í öðrum sveitarfélögum. Að sama skapi upplifðu foreldrar barna í frumkvöðlasveitarfélögum frekar að fagfólk hefði samráð um þjónustu við börn.

Frásagnir barna í einstaklingsviðtölum sýndu hvernig aukin samfella í þjónustu og samráð hefði getað dregið úr vanlíðan þeirra. Börnunum þótti óþægilegt að þurfa sjálf að upplýsa kennara og starfsfólk skóla um aðstæður sínar. Þá gáfu orð þeirra til kynna að stundum sé þörf á því að fagfólk eigi í nánara samstarfi og deili upplýsingum svo að betur sé hægt að mæta þörfum barna.

Alls bárust 464 svör við könnun meðal þjónustuveitenda. Niðurstöður þeirrar könnunar gáfu jafnframt vísbendingar um að mál fari í skýrari þjónustufarveg í frumkvöðlasveitarfélögum og að brugðist hafi verið hraðar við þörf barna fyrir sérstakan stuðning, þjálfun og ráðgjöf. Þá voru svarendur úr frumkvöðlasveitarfélögum líklegri en þeir sem störfuðu annars staðar til að segja að alltaf væri unnið þvert á fagstéttir innan vinnustaðarins og að alltaf væri unnið þverfaglega með starfsfólki annarra stofnana að málefnum barna.

Í heild sýna niðurstöður rannsóknarinnar að á fyrstu stigum innleiðingar farsældarlaganna var margt ábótavant í þjónustu við börn. Foreldrar hafa gjarnan mætt úrræðaleysi og þeim hefur fundist börn ekki fá þjónustu sem mætir þeirra þörfum. Skortur á samráði og samþættingu hefur valdið álagi á foreldra sem hafa sjálfir þurft að ganga á eftir því að börn fái þjónustu við hæfi og hafa foreldrar í sífellu þurft að endurtaka sögu barna sinna við fagfólk ólíkra stétta sem koma að málum barnanna. Þá þarf að huga sérstaklega að betri móttöku og meiri stuðningi við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa þó vísbendingar um að í frumkvöðlasveitarfélögunum sé betur staðið að þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra en víða annars staðar á landinu. Þessar niðurstöður gefa von um að áframhaldandi vinna við innleiðingu farsældarlaganna komi til með að skila sér í bættri þjónustu á landsvísu.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar er fengin úr óútgefinni skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til mennta- og barnamálaráðuneytisins um niðurstöður rannsóknar.

# 11. Skipting fjármagns

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ráðstafar framlagi til einstakra sveitarfélaga til að mæta kostnaði vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árunum 2022-2024, sbr. XXV. ákvæði til bráðabirgða í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Þrjár reglugerðir hafa verið gefnar út af innviðaráðherra til að mæta þessum kostnaði, ein reglugerð fyrir hvert ár innleiðingar. Reglugerð um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2023, nr. 1593/2022, felldi reglugerð nr. 1455/2021 úr gildi, en sú síðarnefnda kvað á um framlög á árinu 2022. Úthlutunarreglur framlaganna hafa verið byggðar á sömu breytum í öllum reglugerðunum, þó með þeim hætti að tölfræðilegar upplýsingar ársins á undan bætast við hverja breyту og taka við af elstu tölfræðilegu upplýsingunum. Þann 8. febrúar 2024 tók gildi reglugerð um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2024, nr. 144/2024. Samkvæmt úthlutunarreglu framlagsins 2024 skal hlutfallsskipta fjármagni til ráðstöfunar á grundvelli eftirfarandi breytna fyrir hvert sveitarfélag sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna 1. janúar 2023.
2. Meðaltal barna með stuðning í grunnskólum skólaárin 2019/2020, 2020/2021 og 2021/2022 og fjöldi barna með stuðning í leikskólum árin 2020, 2021 og 2022.
3. Fjöldi barna á heimilum með undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna árið 2022.
4. Fjöldi innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð 1. janúar 2023.


Í mati á heildarfjármagnsþörf við innleiðingu laganna var stuðst við áætlaðan fjölda barna sem hafa þörf fyrir stigskipta þjónustu. Um er að ræða þörf fyrir þjónustu tengiliða og/eða málstjóra á grundvelli laganna. Gerðu áætlanir ráð fyrir að um 23,7% barna á aldrinum 0-18 ára kynnu að hafa þörf fyrir stigskipta þjónustu. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 9.383 börn á aldrinum 0-2 ára þann 1. janúar 2023.

Á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda barna á aldrinum 0-2 ára þann 1. janúar 2023 voru 112 m.kr. til úthlutunar til heilbrigðisstofnana sem greiddar hafa verið til heilbrigðisráðuneytis.

## 11.1 Upplýsingaöflun frá sveitarfélögum


Samkvæmt greinargerð með farsældarlögum er gert ráð fyrir að samhliða innleiðingu laganna verði settir skýrir árangursmælikvarðar og gert reglulegt árangursmat með endurmati á fjármagnspörf í lok innleiðingartímabilsins árið 2024. Með vísan til framangreinds kallaði mennta- og barnamálaráðuneytið eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um það hver kostnaður við innleiðingu farsældarlaganna fyrir árið 2023 hefði verið. Var m.a. spurt um launakostnað tengiliða og málstjóra og fjölda stöðugilda þeirra innan sveitarfélagsins. Þá var jafnframt spurt um fjölda virkra mála í samþættingu eftir þjónustustigum í lok árs 2023. Að lokum voru sveitarfélög spurð hvernig þeim hafi gengið við að innleiða lög in í sveitarfélaginu og hver væru helstu tækifæri og áskoranir hvað það varðar. Af 64 sveitarfélögum landsins svöruðu 50 þeirra spurningum ráðuneytisins. Þau standa bakvið 97% af íbúafjölda landsins.

Eftirfarandi upplýsingar byggja á þeim upplýsingum sem ráðuneytinu hefur borist frá sveitarfélögum.




Mynd 14: Fjöldi samþættra mála í lok árs 2023 á landsvísu eftir þjónustustigum






Mynd 15: Fjöldi samþættra mála í lok árs 2023 eftir landshlutum



Mynd 16: Samþætting eftir landshlutum í lok árs 2023 – Mál per 10.000 íbúa




**Mynd 17: Hvenær opnaði sveitarfélagið formlega fyrir beiðni um samþættingu?**

Í lok árs 2023 voru samtals 2.463 mál í virkri samþættingu á landsvísu samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögunum. Vert er að hafa í huga við mat á framangreindum tölfræðiupplýsingum að rúmlega 50% sveitarfélaganna opnuðu ekki formlega fyrir beiðni um samþættingu fyrr en á árinu 2023 og u.þ.b. helmingur þeirra ekki fyrr en á síðari hluta ársins 2023.

## 11.2 Nýting fjármagns

Samkvæmt svörum sveitarfélaga nam kostnaður vegna innleiðingar farsældar á árinu 2023 1,67 ma.kr. Launakostnaður vegna tengiliða, málstjóra og verkefnastjórnunar var stærsti kostnaðarliðurinn eða rúm 97% en þar af voru laun tengiliða 43%, laun málstjóra 41% og laun vegna verkefnastjórnunar 13%. Til samanburðar nam heildarkostnaður sveitarfélaga 956 m.kr. árið 2022 en þar af var launakostnaður 69%. Árið 2022 voru laun tengiliða 29%, laun málstjóra 24% og laun vegna verkefnastjórnunar 15% af heildarkostnaði.


Niðurbrot á kostnaði árána 2022 og 2023 má sjá á mynd 18 hér fyrir neðan en samanlögð hæð súlnanna er uppgjafinn heildarkostnaður sveitarfélaganna fyrir hvort ár fyrir sig.



**Mynd 18: Kostnaður árána 2022 og 2023 brotinn niður eftir flokkum**

Líkt og sjá má á ofangreindri mynd skiptist kostnaður milli tengiliða og málstjóra nokkuð jafnt, hlutfallslega, fyrir bæði árin. Kostnaður vegna verkefnastjórnunar hækkaði milli ára á meðan annar kostnaður lækkaði töluvert.


Á mynd 19 hér fyrir neðan má sjá framlag sveitarfélaga og niðurbrot á kostnaði þeirra á árinu 2023.



**Mynd 19: Framlög til sveitarfélaga og sundurgreindur kostnaður þeirra árið 2023**

Hjá þeim sveitarfélögum sem eru með hlutfallslega mestan kostnað umfram framlög árið 2023 vekur athygli hve mikill kostnaður er vegna málstjóra. Upphaflegar áætlanir og greiningar gerðu ráð fyrir að 60% fjármagnsins rynni til fyrsta stigs þjónustu (tengiliðir) og 40% fjármagnsins rynni til annars og þriðja stigs þjónustu (málstjórar).

Kostnað seinustu tveggja ára hjá samanburðarhæfum sveitarfélögum má sjá á mynd 20. Í einhverjum tilfellum tekur kostnaðurinn miklum breytingum milli ára og gæti verið vert að athuga nánar þau tilvik. Framlög milli einstakra sveitarfélaga tóku litlum breytingum milli áranna 2022 og 2023.



Mynd 20: Kostnaður sveitarfélaga á árunum 2022 og 2023 samanborið við framlag ársins 2023

Fleira þarf til en kostnaðartölur til að leggja hagrænt mat á hvernig til hefur tekist. Til langs tíma litið skipta afdrif barna dagsins í dag höfuð máli. Til skemmri tíma er þróun í fjölda þunga og kostnaðarsamra mála mikilvæg. Sískráning Barna- og fjölskyldustofu á fjölda tilkynninga til barnaverndar sem og regluleg stöðutaka á fjölda samþættra mála eftir þjónustustigum (eins og komið er inn á í kafla 3.1) sem nú er hafin munu verða mikilvægur hluti heildarmyndarinnar, sem og reynsla sveitarfélaganna sjálfra. Aukinn fjöldi mála á fyrsta stigi á kostnað mála á öðru og þriðja stigi væri skýr vísbending um að lögin séu að skila árangri og mætti meta til fjár þegar umfang gagna er orðið nægjanlegt.

## 12. Næstu skref

Ljóst er að þó mikill árangur hafi náðst við innleiðingu farsældarlaganna er enn mikið verk fyrir höndum. Þriðja ár innleiðingar er hafið og enn sem áður stefnt að áframhaldandi markvissri innleiðingu laganna á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Þörf er á að ljúka setningu reglugerða á grundvelli farsældarlaganna, en þær eru mikilvægur hlekkur til að tryggja samræmi við veitingu þjónustu á grundvelli laganna. Auk þess verður áhersla lögð á að gera enn betur við miðlun og framsetningu upplýsinga um farsældarlögin til allra samfélagshópa, með því að gera upplýsingarnar m.a. barnvænar og auðlesnar.

Á árinu 2024 verður sérstök áhersla lögð á gerð handbókar um innleiðingu farsældar fyrir sveitarfélög og ríkisstofnanir sem gegna hlutverki samkvæmt farsældarlögum, sem mun byggja á sambærilegri hugmyndafræði og handbók UNICEF um barnvæn sveitarfélög. Með gerð handbókar farsældar er verið að bregðast við ákalli sveitarfélaga um ítarlegri leiðsögn við innleiðingu farsældarlaganna. Með tilkomu handbókarinnar skapast tækifæri til að samræma betur vinnubrögð og verklag á landsvísu þegar kemur að samþættingu mála.

Áhersla verður lögð á að efla samtal milli undirstofnana ráðuneytisins sem fara með mikilvæg verkefni er varða þjónustu við börn og ungmenni. Leitast verður við að styðja sérstaklega við mál fatlaðra barna sem og barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir. Á árinu 2024 verður lögð áhersla á fræðslu til málstjóra farsældar, í því skyni að efla þverfagleg vinnubrögð innan stuðningsteyma og styðja málstjóra í hlutverki sínu.

Hlutverki félags- og frístundastarfs sem þjónustuveitandi farsældarþjónustu verður lyft betur upp, en komið hefur fram í samtölum að tilefni sé til að draga vettvanginn að borðinu með markvissari hætti.

Áhersla verður lögð á starfrækslu svæðisbundinna farsældarráða í öllum átta landshlutum skv. 5. gr. farsældarlaganna. Ráðuneytið mun styðja við verkefnið með því að fjármagna 1/2-1 stöðugildi verkefnisstjóra í þeim landshlutum sem vilja taka þátt.

Unnið er að skipulagi Farsældarrútunnar 2024, sem mun koma til með að heimsækja sveitarfélög þriðja árið í röð. Markmið með heimsóknum Farsældarrútunnar 2024 verður að eiga samtöl við þá aðila sem stýra innleiðingunni á hverjum stað, fara yfir stöðuna á innleiðingunni, styðja við innleiðinguna og þá aðila sem að henni standa og ákveða næstu skref í sameiningu.

Á árinu 2024 verður jafnframt unnið að gerð stefnu um farsæld barna og framkvæmdaáætlunar um verkefni ríkisins sem varða farsæld barna til fjögurra ára, sem ráðgert er að ráðherra leggi fram sem tillögu til þingsályktunar á haustþingi 2024.

Við innleiðingu farsældarlaganna hefur verið lögð rík áhersla á að greina hvernig nýta megi opinbert fjármagn betur með því meginmarkmiði að ná fram auknum ávinningi fyrir samfélagið allt. Farsældarlögin leggja áherslu á að lagt sé mat á árangur inngripa og þjónustu í þágu barna, og að tryggt sé að slíkt mat byggji á raunprófuðum aðferðum og gögnum um líkindi þess að þau skili hagrænum ávinningi, bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild sinni. Í aðdraganda lagasetningarinnar var unnin forspá sérfræðinga um væntann fjárhagslegan ávinning sem gerði ráð fyrir því að ávinningur laganna umfram kostnað færi að sjást um tíu árum eftir gildistöku þeirra. Engu að síður er nú þegar mikil og vaxandi áhersla innan mennta- og barnamálaráðuneytis á alla gagnaöflun í því skini að ná að merkja fyrstu vísbendingar um ávinning farsældarlaganna. Má þar nefna mælaborð farsældar áframhaldandi þróun þess og uppbyggingu, víðtæka samvinnu við háskólasamfélagið og við ýmsa erlenda aðila auk væntanlegs frumvarps til laga um gagnaöflun um farsæld barna sem mun tryggja nauðsynlegan aðgang og samhæfingu upplýsinga um málefni barna á landsvísu.

